

RE: Krýsuvíkurbjarg - Beiðni um kostnaðar- og verkáætlun vegna landsáætlunar um innviði

Til : Haraldur Líndal Haraldsson
Frá : Sigurður Haraldsson
CC : Elín S. Kristinsdóttir
Heiti : RE: Krýsuvíkurbjarg - Beiðni um kostnaðar- og verkáætlun vegna landsáætlunar um innviði
Málsnúmer : 1803113
Málsaðili : Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skráð dags : 13.03.2018 08:24:40
Höfundur : Sigurður Haraldsson

Sæll Haraldur við gerum það og takk fyrir

Kv
Sigurður

From: Haraldur Líndal Haraldsson
Sent: mánudagur, 12. mars 2018 16:58
To: Sigurður Haraldsson
Cc: Elín S. Kristinsdóttir
Subject: FW: Krýsuvíkurbjarg - Beiðni um kostnaðar- og verkáætlun vegna landsáætlunar um innviði

Sæll,
Takið þið ekki þetta.

Með kveðju/ best regards,

HARALDUR L. HARALDSSON
BÆJARSTJÓRI / MAYOR

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5501 | 664 5503 | www.hafnarfjordur.is

image001.png

From: Dagný Arnarsdóttir [<mailto:dagny.arnarsdottir@uar.is>]
Sent: mánudagur, 12. mars 2018 15:31
To: Haraldur Líndal Haraldsson <hlh@hafnarfjordur.is>
Cc: Guðjón Bragason (gudjon.bragason@samband.is) <gudjon.bragason@samband.is>; Jón Geir Pétursson <jon.g.petursson@uar.is>
Subject: Krýsuvíkurbjarg - Beiðni um kostnaðar- og verkáætlun vegna landsáætlunar um innviði

Til sveitarstjóra Hafnarfjarðarbæjar

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur nýverið kynnt drög að þingsályktun um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, ásamt verkefnaáætlun til þriggja ára. Drög að stefnumarkandi landsáætlun og verkefnaáætlun áranna 2018-2020 eru aðgengilegar á samráðsgátt Stjórnarráðsins.

Í drögum að verkefnaáætlun 2018-2020 sem lögð voru fram til kynningar í samráðsgátt Stjórnarráðsins þann 5. febrúar sl. var gerð tillaga að skipulagsvinnu og öryggisaðgerðum (þ.m.t. afmarkaðri uppbyggingu

vegna göngustíga) á ferðamannastaðnum **Krýsuvíkurbjargi** í landi Hafnarfjarðarbæjar á Reykjanesi. Umsjón með staðnum er í höndum sveitarfélagsins og er staðurinn hluti Reykjanessfólkvangs.

Ráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa átt samstarf um öflun gagna frá sveitarfélögum og landshlutasamtökum sveitarfélaga um framkvæmdir á ferðamannastöðum. Nauðsynlegt er nú að kalla nú eftir upplýsingum um hvort áform sem fram koma í gögnum verkefnisstjórnar eigi enn við.

Í lýsingu umsýjónaraðila á verkefninu frá árinu 2017 kemur eftirfarandi fram varðandi aðgerðir sem stuðli að öruggara aðgengi ferðamanna að bjarginu:

Skipulagsvinna	Deiliskipulag fyrir Krýsuvíkurbjarg.
Skilti (fræðsluskilti/aðvaranir/umgengni)	Skilti með upplýsingum um Krýsuvíkurbjarg og hættur þess.
Göngustígur og afmarkanir	Uppbygging og afmörkun gönguleiða við Krýsuvíkurbjarg.

Verkefnisstjórn leggur til að ráðist verði í framkvæmd ofangreindra verkliða á árunum 2018-2020.

Við undirbúning verkefnaáætlunar hefur verið gert ráð fyrir því að heildarkostnaður við þessar aðgerðir geti að hámarki numið **7.000.000** kr. Ekki er gert ráð fyrir að mótframlag komi frá viðkomandi sveitarfélagi/framkvæmdaraðila á móti framlögum til verkefna á grundvelli landsáætlunar.

Á þessu stigi er óskað eftir kostnaðar- og verkáætlun vegna ofangreindra verkliða og er til þess gefinn frestur til og með 18. mars. Í kostnaðar- og verkáætlun þarf, auk hefðbundinna þátta, að koma fram hvenær sveitarfélagið hyggst fara í viðkomandi framkvæmd innan gildistíma verkefnaáætlunar, þ.e. árið 2018, 2019 eða 2020. Endanleg tillaga að fjárhæð verður ákveðin af verkefnisstjórn landsáætlunar að fengnum tillögum frá sveitarfélögum. Óski sveitarfélag eftir lengri fresti þarf að láta umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga vita af því skriflega eða með tölvupósti, eins fljótt og auðið er.

Lagt er til að gerð deiliskipulags verði lokið áður en vinna hefst við aðra þætti, s.s. merkingar og uppbyggingu gönguleiða.

Vakin er athygli á þeim möguleika að sveitarfélag segi sig frá landsáætlun, kjósi það frekar að geta sótt um styrki í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða fyrir viðkomandi stað. Rétt er að benda á að alla jafna er ekki hægt að þiggja fjárframlög frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og eiga jafnframt formlega aðild að landsáætlun um uppbyggingu innviða. Sveitarfélög eru hvött til að kynna sér reglur og lög um sjóðinn með áorðnum breytingum: <https://www.ferdamalastofa.is/is/umhverfis-og-gaedi/framkvaemdasjodur-ferdamannastada/upplysingasida-um-umsoknir>

Ef óskað er nánari upplýsinga er sveitarfélagi ráðlagt að leita til Guðjóns Bragasonar, fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga í verkefnisstjórn landsáætlunar. Netfang hans er gudjon@samband.is.

Bkv.

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)